



Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Athugasemdir vegna aðalskipulags Mýrdalshrepps.

Fuglaverndarfélag Íslands gerir athugasemdir við nýja legu þjóðveggar 1 um Mýrdal.


Í fyrsta lagi er veginum ætlaður staður um jaðar Dyrhólaóss sem er á náttúruminjaskrá. Upplýsingar skortir algerlega um fuglalíf í ósnum þó frumathuganir bendi til að hann sé afar mikilvægur viðkomustaður farfugla vor og haust og sömuleiðis votlendissvæði, tún og akrar upp af honum. Varpfuglafána hefur ekki verið könnuð. Vegurinn mundi skera þetta svæði í sundur og hugsanlega valda mikilli röskun.

Í öðru lagi er jarðgöngum gegnum Reynisfjall ætlað að koma útúr fjallinu innan við Vík, sem að áliti stjórnar væri slæmt fyrir fuglalíf. Jarðgöng og vegur um þetta svæði rífi tengslin við hafið, Reynisdranga og brekkurnar undir fjallinu. Reynisfjall er á náttúruminjaskrá og að auki vildum við koma því að, að umræddur staður er einstakur og einn sá fegursti á landinu.

Ennfremur er kríuvarpið við Vík eitt það stærsta á landinu en það telur um og yfir 5000 pör. Vegur meðfram sjónum, eins og ráðgert er, myndi skapa mikla hættu fyrir fuglana þar sem hann lægi beint fyrir neðan varpið.

Stjórn Fuglaverndar leggur til, að nyrðri leið, sem nefnd hafa verið í undirbúningi aðalskipulags (leið 5a) verði fremur valin eða núverandi vegur lagfærður (leið 2) þar sem slíkt mundi hafa mun minni áhrif á náttúru og lífríki Mýrdals. Jafnframt þarf að rannsaka betur áhrif veglína á náttúru og fuglalíf í Mýrdal.

Reykjavík 1. febrúar 2010
F.h. Fuglaverndar


Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri.